



U S T

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegur 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. september 2006

Tilvísun: UST20060700121/óaj

### **Tengibraut að Leirvogstungu - frekari umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 1. september sl. þar sem óskað er eftir frekari umsögn Umhverfisstofnunar í ljósi svara Mosfellsbæjar við umsögn Umhverfisstofnunar dags. 21. ágúst sl.

### **Efnistaka og haugsetning**

Að mati Umhverfisstofnunar hafði í fyrirbyggjandi gögnum hvorki komið fram hvar fyrirhugað var að taka efni til fyllinga né heldur hvernig fyrirhugað var að koma fyrir afgangsefni sem ekki nýttist í fláafyllingar eða landmótun. Í svörum Mosfellsbæjar kom fram að „*ekki liggur fyrir fyrir en verkið hefur verið boðið út hvaðan efni til fyllingar kemur og hvar umframefni verður komið fyrir*“ . Þó kom fram að „*aðflutt efni verði sótt í viðurkenndar námur sem eru í rekstri og að umframefni verði komið fyrir í samráði við bæjaryfirvöld á viðurkenndum jarðvegstípp en ekki í fláa meðfram veginu*“ . Umhverfisstofnun vekur athygli á að í lögum eða reglugerðum er ekki að finna skilgreiningu á viðurkenndum námum (hugtakinu „*viðurkenndar námur*“ ). Stofnunin telur að tilgreina eigi í hvaða námur kemur til greina að taka efni úr vegna framkvæmdanna. Það sama á einnig við um haugsetningu efnis.

### **Gróður**

Í athugasemdum Umhverfisstofnunar við framlagða matsskyldufyrirspurn kom fram að hvergi kæmu fram upplýsingar hvort á svæðinu sé að finna plöntur sem eru friðlýstar eða á válista en að mati Umhverfisstofnunar væru slíkar upplýsingar nauðsynlegar. Í svörum Mosfellsbæjar kom fram að ekki lægi fyrir „*könnun um hvort einhverjar plöntur finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem eru á válista. Því hefur verið ákveðið að leita til Náttúrufræðistofnunar um gróðurfarskönnun m.t.t. þess hvort þar finnist plöntur sem eru á válista*“ . Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að samráð sé haft við Náttúrufræðistofnun áður en endanleg hönnun tengibrautarinnar liggur fyrir og að hægt verði að bregðast við á viðeigandi hátt ef á svæðinu finnast friðlýstar plöntur eða plöntur á válista. Að mati Umhverfisstofnunar þurfa upplýsingar um gróðurfar að liggja fyrir áður en tekin er ákvörðun um matsskyldu framkvæmda.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði. Í kafla um efnistöku og haugsetningu kemur fram að „*sá hluti*

*mýrlendis sem tengibrautin liggur um í Leirvogstungu hefur þegar verið framræst“ og að ekki verði því „um skerðingu mýrlendis að ræða“, en í kafla um gróðurfar kemur fram að „áþending Umhverfisstofnunar um endurheimt mýrlendis verður skoðuð í samráði við umhverfisnefnd Mosfellsbæjar og garðyrkjustjóra í viðara samhengi“. Umhverfisstofnun telur að hér sé um ósamræmi að ræða. Annars vegar telur Mosfellsbær að ekki verði um skerðingu mýrlendis að ræða og hins vegar að skoða verði þann kost að endurheimta votlendi. Því er ekki ljóst hvort Mosfellsbær er hér að viðurkenna skerðingu á mýrlendi þrátt fyrir fyrri staðhæfingu um að mýrlendi verði ekki skert, og ekki heldur hvað átt er við með að endurheimt verði skoðuð í viðara samhengi.*

### **Hávaði og titringur**

Í umfjöllun sinni um hávaða og titring gerði Umhverfisstofnun athugasemdir við að ekki hafi komið fram í tilkynningunni um framkvæmdina hvort og þá hvernig haft hafi verið samráð við íbúa þeirra húsa þar sem ráðstafanir verða gerðar vegna of hás hljóðstigs. Stofnunin taldi einnig mjög mikilvægt að hljóðvarnir yrðu hannaðar og kynntar íbúum áður en ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar lægi fyrir. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gerðar verða sérstakar ráðstafanir þar sem hljóðstig fer yfir 55-60 dbA og að vegur við Lágholt verði jafnvel færður til að hægt verði að koma fyrir hljóðmönnum eða öðrum hljóðvörnum. Einnig kemur fram að Mosfellsbær muni „fara yfir málið með viðeigandi húseigendum og kanna afstöðu þeirra áður en ráðist verður í hönnun eða framkvæmd hljóðvarna“.

Umhverfisstofnun stendur við fyrri umsögn og niðurstöðu um að samráðsferli verði að hefjast áður en tilkynning um matsskyldu tengibrautar er send stofnuninni til umsagnar. Nauðsynlegt er að gerð sé grein fyrir fyrirhuguðum hljóðvörnum, í hverju samráð við íbúa þeirra svæða þar sem hljóðstig fer yfir 55 dbA hafi falist og hvort að náðst hefur niðurstaða um hönnun og útlit hljóðmana eða annarra hljóðvarna meðal þeirra íbúa svæðisins og sveitarfélagsins.


Umhverfisstofnun bendir á að hönnun hljóðvarna er þekkt ágreiningsefni íbúa og framkvæmdaraðila og Umhverfisstofnun hefur í umsögnum um framkvæmdir ítrekað bent á mikilvægi þess að slík hönnun sé gerð fyrirfram og í fullu samráði við íbúa.


Umhverfisstofnun telur þess vegna mjög mikilvægt að hljóðvarnir séu hannaðar og kynntar íbúum áður en ákvörðun liggur fyrir.

### **Niðurstaða**

Að mati Umhverfisstofnunar hafa frekari svör framkvæmdaraðila ekki breytt heildarafstöðu stofnunarinnar og telur stofnunin enn að framkvæmdin kunnist að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Nauðsynlegt er að kynna framkvæmdina fyrir íbúum þeirra hverfa er verða fyrir hvað mestum áhrifum vegna framkvæmdanna, sem og annarra er málið snertir á fyrri stigum framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllt

  
Ólafur A. Jónsson  
Sérfræðingur

  
Helgi Þorsson  
Forstöðumaður